



Ráðuneyti viðskipta, menningar og ferðamála  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík 12. desember 2021

### **Umsögn – Drög að reglugerð um Kvikmyndasjóð**

Félagið hefur farið ítarlega mál nr 220/2002 drög að reglugerð um Kvikmyndasjóð sem birt var á samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 22. nóvember sl., Félagið fagnar því að stjórnvöld ætli sér að skerpa á verklagi við úrvinnslu umsókna í Kvikmyndasjóð. Það ætti að stuðla að gagnsæi, jafnræði og samræmi úrvinnslu umsókna sem hefur verið ábótavant. Hér eftirfarandi er aðeins upptalning á því sem þörf er á að bæta eða skerpa á.

Til að byrja með viljum við vekja athygli á því að liður 8:3 úr reglugerð frá 2003 hefur verið feldur niður sem er mikil afturför. Einmitt í dag hefur skapast það landslags innan kvikmyndagerðar að framleiða kvikmyndir sem gætu fallið innan þess ramma. Þá má helst nefna markaðsvænni myndir sem eiga möguleika á að fá einkafjármagn að borðinu. Leggjum við því ríka áherlsu á að þessi grein verður tekin inn aftur með eftirfarandi orðalagi.

*Forstöðumaður Kvikmyndamiðstöðvar getur veitt framleiðslustyrk vegna leikinnar kvikmyndar fullri lengd til sýningar í kvikmyndahúsi, án umsagnar kvikmyndaráðgjafa, þegar annað hvort leikstjóri eða framleiðandi hefur fullgert að minnsta kosti eina leikna kvikmynd í fullri lengd og fjármögnun er lokið að öllu öðru leyti en sem nemur framlagi Kvikmyndasjóðs. Skilyrði fyrir framleiðslustyrk er að fyrir liggi skriflegir samningar eða staðfestingar um að fjármögnun sé að fullu lokið frá öðrum en Kvikmyndasjóði. Framleiðslustyrkir sem veittir eru samkvæmt ákvæði þessu skulu ekki nema hærrí fjárhæð en 40% af heildarframleiðslukostnaði, þó að hámarki 70% af fullum framleiðslustyrk.*

### **6. gr**

Til bóta er eins og kemur fram í 6. grein að kvikmyndaráðgjafi sé ráðinn til 6 ára að hámarki. Tillögur um breytingar eru feitletraðar hér fyrir neðan.

***Kvikmyndaráðgjafar eru ráðnir tímabundið af forstöðumanni Kvikmyndamiðstöðvar og eru ráðnir að hámarki til sex ár.***

***Við mat á styrkumsókn ber kvikmyndaráðgjafa að leggja faglegt mat á umsóknina og líta til þess hversu líklegt verkefnið er til að ná til áhorfenda og/eða auka hróður íslenskra kvikmynda á kvikmyndahátíðum erlendis.***



*Kvikmyndaráðgjafar skulu hafa þekkingu og reynslu á sviði kvikmynda og mega ekki hafa hagsmuna að gæta við úthlutun eða gegna störfum utan Kvikmyndamiðstöðvar sem tengjast íslenskri kvikmyndagerð. Hæfisreglur stjórnáskjalanna gilda um störf kvikmyndaráðgjafa. Í **skriflegu** mati kvikmyndaráðgjafa komi fram auk **faglegs mats** á verkinu, helstu efnisþættir þess og tillaga um synjun eða veitingu styrks. **Umsögn skal vera í stöðluðu formi sem kvikmyndaráð leggur til.***

#### **7. gr. - Handritsstyrkir.**

Afgreiðsla Kvikmyndasjóðs á handritsstyrkjum hefur of oft dregist. Þar sem slíkar umsóknir eru ekki flóknar né heldur tímafrekar fyrir ráðgjafa ætti ekki að taka langan tíma að afgreiða slíkar umsóknir. Að setja tímamörk á þá afgreiðslu eykst fyrirsjáleikinn fyrir umsækjendur. Leggjum til að svar varðandi umsókn um handritsstyrk berist umsækjanda 4-5 vikum eftir að umsókn hefur sannanlega verið skilað til Kvikmyndasjóðs.

#### **9. gr.- Framleiðslustyrkir.**

Tekið er fram að viljrði um framleiðslustyk má veita þegar fullmótað handrit eða ítarlegur efnisútdráttur liggur fyrir, þetta orðalag gefur möguleika á mismunum og er ekki til að skapa traust og gagnsæi milli umsækjanda og stjórnanda sjóðsins.

#### **11. gr.- Umsóknargögn**

Í þessari grein er tekið fram að skriflegur samningur eigi að liggja fyrir við tónhöfund. Það er mat okkar að óraunhæft sé að uppfylla þetta skilyrði með tilliti til vinnsluferlis verkefna almennt og með öllu ótímabært. Leggjum við því til að fella þessa tillögu niður.

#### **12. gr - Málsmeðferð við mat á umsóknum / 13. gr. - Meðferð og umsýsla umsókna.**

Almennt er ekki tekinn fram tímarammi á úrvinnslu umsókna og ákvörðunartöku. Leggjum við því til að umsóknir um framleiðslustyrki skulu afgreiddar innan 7-8 vikna frá því að umsóknir eru send inn á gátt Kvikmyndasjóðs. Einnig leggjum við til að orðalag þar sem lögð er áhersla á listrænt mat ráðgjafa verði endurorðað. Við mælumst til að ráðgjafi leggi faglegt mat (í stað listræns) á umsóknum til að draga úr þeirri hættu á að persónulegt mat ráðgjafa setji svip á umsögn.

Virðingarfyllst f.h Pegasus  
Erlendur Bl Cassata  
Lilja Ósk Snorradóttir  
Snorri Þórisson